

**550. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. janúar 2021 og  
hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Póra Marý Arnórsdóttir formaður, Anton Helgi Guðjónsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ragnar Ingi Kristjánsson, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Daníel Jakobsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Hóll á Hvilftarströnd. Bygging á íbúðarhúsi og rafstöð á lögbýli - 2020050055**

Birkir Þór Guðmundsson óskar eftir að heimiluð verði málsmeðferð á deiliskipulagi á Hóli á Hvilftarströnd, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga 123/2010.

Fylgigögn eru:

Deiliskipulagsuppráttur og greinargerð unnið af Balsa ehf., ódagsett.

Umsókn um heimild til málsmeðferðar, dags. 13. 11. 2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila auglýsingu á deiliskipulag þessu skv. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.*

**2. Góustaðir við Sunnuholt - Fyrirspurn um byggingarleyfi - 2019100003**

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Breytingin snýr að því að stækka íbúðarsvæði Í6 (Holtahverfi) í vesturátt og ein ný lóð bætt við, Sunnuholt 5 sem stuðlar að þéttingu byggðar en landbúnaðarsvæðið í landi Góustaða minnkar sem því nemur. Fylgiskjal er uppráttur unninn af ASK arkitektum ehf. dags. 21. desember 2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við Bæjarstjórn að heimila auglýsingu á aðalskipulagsbreytingu þessari í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.*

*Uppfæra þarf upprátt til samræmis við bókun.*

**3. Vallargata 3, umsókn um byggingarleyfi - 2020110042**

Fyrir hönd Kristínar Pétursdóttir kt. 130676-3329 og Ívars Kristjánssonar kt. 240476-5849, sækir Kjartan Árnason, arkitekt, um byggingarleyfi vegna breytinga á Vallargötu 3. Sótt er um að breyta húsnæði úr geymslu yfir í einbýlishús.

Fylgigögn eru:

Umsókn um byggingarleyfi dags: 08.09.2020 Aðaluppdrættir frá Kjartani Árnasyni arkitekt dags. 08.09.2020.

Erindinu var frestað á 37. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar grenndarkynningu á áformum þessum í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga 123/2010.*

**4. Viðbragðsáætlun vegna elds - 2020050088**

Lagður fram tölvupóstur Einars Yngvasonar, f.h. félags Skógarbúa í Tungudal, dags. 25. maí 2020, ásamt bréfi hans, vegna beiðnar um að sveitarfélagið hlutist til um að gerð verði viðbragðsáætlun fyrir sumarbústaðabyggðina í Tungudal ef til bruna skyldi koma.

Bæjarráð óskar eftir því að viðbragðsáætlun verði unnin og vísar málinu áfram til almannavarnarnefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að slökkviliðsstjóri vinni útfærslu á viðbragðsáætlun.*

**5. Brekkustígur 5 - umsókn um lóð - 2018110067**

Eliás Guðmundsson, kt. 010276-3819, sækir um einbýlishúsalóð að Brekkustíg 5, til byggingar á bílskúr og geymslu.

Fylgigögn eru:

Umsókn, dags. 06.11.2018.

Afstöðumynd og skráningartafla, dags. 02.03.2020.

Grunnmynd og útlit, dags. 02.03.2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**6. Sætún 3, Suðureyri. Umsókn um lóðarleigusamning - 2020120068**

Árný Svavarsdóttir f.h. dánarbús Reynhildar Friðbertsdóttur, sækir um gerð á lóðarleigusamningi fyrir fasteignina að Sætúni 3, Suðureyri. Fylgigögn er undirrituð umsókn 17. desember 2020 og mæliblað Tæknideildar frá 22. desember 2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Sætún 3, Suðureyri.*

**7. Stakkanes 18, 400. Umsókn um gerð lóðarleigusamnings - 2020120085**

Guðlaug Valdís Ólafsdóttir og Jón Benjamín Oddsson sækja um gerð lóðarleigusamnings vegna fasteignarinnar að Stakkanesi 18 á Ísafirði. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 21. des. 2020 og mæliblað Tæknideildar frá 22. des. 2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Stakkanes 18, Ísafirði.*

**8. Mjallargata 5, Ísafirði. Höfnun á nýju stöðuleyfi gáms, kært til Úua - 2020110020**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlyndamála kynnir niðurstöðu sína í kærumáli Snerpu ehf. gegn Ísafjarðarbæ.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Stöðuleyfi f. smáhýsi - Vegdís - Tjaldsvæðið Þingeyri - 2020120039**

Valdís Eva Hjaltadóttir, kt. 301281-4719, sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi á tjaldsvæði Þingeyrar. Um er að ræða smáhýsi á hjólum ætlað til heilsárs búsetu.

Fylgigögn eru:

Umsókn, dags 18.08.2020

*Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi til eins árs.*

**10. Gámar og lausafjarmunir 2019, stöðuleyfi - 2019090029**

Jóhann B. Helgason hjá Verkís ehf. sækir um stöðuleyfi f.h. Jóhönnu Ingvarsdóttur. Á bílastæðinu er ætlunin að reisa grind sem er klædd segli og neti. Þar verða skipamódel slípuð til. Tjald þetta verður fjarlægt sumarið 2021. Fylgiskjal er umsókn dags 23. sept. 2020 og loftmynd frá Verkís ehf.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi í samræmi við umsókn.*

**11. Stofnun vegsvæðis í landi Kirkjubóls, Bjarnadal - 2020120081**

Vegagerðin sækir um stofnun vegsvæðis í landi Kirkjubóls, Bjarnadal.

Fylgigögn er:

Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá ásamt uppdráttum Vegagerðarinnar, dags. 04.12.2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila uppskiptingu lands og stofnun vegsvæðis í landi Kirkjubóls í Bjarnadal.*

**12. Breiðadalur - Tengivirki - 2021010004**

Fyrir hönd Landsnets óskar Verkís ehf. eftir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Um er að ræða yfirbyggingu yfir tengivirki Landsnets í Breiðadal.

Fylgigögn eru:

Erindi Verkís ehf. dags. 04.01.2021

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við Bæjarstjórn að heimila vinnslu á deiliskipulagi vegna yfirbyggingar tengivirkis Landsnets í Breiðadal.*

**13. Brimbrjótur, Suðureyri - umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði - 2019120040**

Óskað er eftir mati nefndarinnar á því hvort fyrirhuguð framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Fylgigögn eru:

Landfylling við Brjótinn á Suðureyri. skýrsla Verkís ehf. dags. nóvember 2020.

*Nefndin óskar eftir frekari gögnum og frestar erindinu.*

**14. Skólavegur 5, Hnífsdal. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021010009**

Soffía Guðmundsdóttir hjá Íbúðalánasjóði, sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir fasteignina við Skólaveg 5, Hnífsdal. Fylgigögn er undirrituð umsókn frá 29. des. 2020 og mæliblað Tæknideildar frá 4. jan. 2021.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Skólaveg 5, Hnífsdal.*

Daníel Jakobsson vikur af fundi við umræður þessa dagskrárliðar.

**15. Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi - 2017050072**

Tilkynnt er um fyrirhugaða tegundabreytingu í fiskeldi Hábrúnar og Fjarðareldis í Skutulsfirði.

Fylgiskjöl eru:

Skýrsla Hábrúnar: "Þorsk- og silungseldi Hábrúnar í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi. Tilkynning til ákvörðunar á matskyldu tegundabreytingar, úr framleiðslu á þorski og regnbogasilungi yfir í framleiðslu á laxi í sjókvíum." Dags. 29.10.2020.

Skýrsla Fjarðareldis: "Þorskeldi Fjarðareldis í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi. Tilkynning til ákvörðunar á matskyldu tegundabreytingar, úr framleiðslu á þorski yfir í framleiðslu á laxi í sjókvíum." Dags. 29.10.2020.

*Gögn lögð fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15**

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Ragnar Ingi Kristjánsson

---

Smári Karlsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Daníel Jakobsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Heiða Jack